

3.aukafundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 24.maí 2018 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum 1, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesei 2, Ingólfur Benediktsson Árnesei 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Í byrjun fundar var fundargerð síðasta fundar lesin upp og undirrituð af hreppsnefndarmönnum.

Hrefna Þorvaldsdóttir og Ingólfur Benediktsson lögðu fram bókun svohljóðandi;

1. Við undirrituð getum ekki samþykkt neinar breytingar á kjörskrá fyrir Árneshrepp fyrir sveitarstjórnarkosningar 26.maí 2018 þar sem við efumst um réttmæti þess að Þjóðskrá láti óátalið að a.m.k. 16 aðilar séu skráðir með lögheimili í Árneshreppi sem haf hér ekki heilsársbússetu. Á sama tíma eru ógiltir flutningar fólks sem flutt hefur lögheimili sitt 24.apríl – 5.maí 2018. Hvernig má það vera að sumir aðilar megi brjóta „lög“ um lögheimilisskráningu en aðrir ekki?

Töluverður hópur fólks sem á fasteignir, hlunnindi og eða hefur tekjur af starfsemi hér hluta úr ári, á lögheimili hér í Árneshreppi. Meðal þeirra sem nú er vísað frá er fólk sem á hér fasteignir, hlunnindi og hefur tekjur af starfsemi hér hluta úr ári líkt og fyrrgreindur hópur. Ef þetta fólk hefði flutt lögheimili sitt fyrir 24.apríl 2018 hefði þeim þá verið vísað frá?

Námsmenn hafa lögum samkvæmt rétt á að eiga lögheimili hjá foreldrum eða forráðamönnum sínum þó þeir dvelji langdvölum annarsstaðar vegna náms. Stangast þetta mögulega á við jafnræðisreglu 65.gr. stjórnarskrárinnar sbr.3.gr. stjórnskipunarlaganna sem hljómar svo:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leiti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Á dagskrá er eitt mál, að ljúka við að fara yfir lögheimilisflutninga og úrskurði Þjóðskrár Íslands vegna kjörskrár fyrir sveitarstjórnarkosningar 26.maí 2018.

1. Fyrir liggja bréf frá Þjóðskrár Íslands dags. 23. og 24. maí 2018 vegna 4 einstaklinga um að fella niður skráningu lögheimila þeirra í Árneshreppi á viðmiðunardegi kjörskrár, 5.maí s.l. Um er að ræða eftirtalda einstaklinga;

1. Kristján Einvarður Karlsson.....kt. 170359-2329
2. Brynhildur Sæmundsdóttir.....kt. 310528-3239
3. Sighvatur Lárusson.....kt. 060861-4479
4. Ólína Margrét Ásgeirsdóttir..... kt. 240359-2789

Einnig liggur fyrir bréf frá Þjóðskrá Íslands dags. 24.maí varðandi lögheimilisflutning Hrafns Jökulssonar kt. 011165-3709 í Kaupfélagshús, Norðurfirði.

Með vísan til gagna málsins og 2. og 10.gr.laga um kosningar til sveitarstjórna er kjörskrá Árneshrepps fyrir sveitarstjórnarkosningar dags. 26.maí 2018 leiðrétt , ofangreindir 4 einstaklingar felldir út af kjörskrá og áður nefndur einstaklingur tekinn inn á kjörskrá Árneshrepps.

Eva Sigurbjörnsdóttir, Bjarnheiður Fossdal og Guðlaugur Ágústsson greiddu atkvæði með því að farið yrði eftir úrskurði Þjóðskrár, Hrefna Þorvaldsdóttir og Ingólfur Benediktsson voru á móti.

Allir hreppsnefndarmenn greiddu atkvæði með flutningi á lögheimili Hrafns Jökulssonar í Kaupfélagshúsið í Norðurfirði, Árneshreppi.

Ingólfur Benediktson leggur fram tillögu þess efnis að hreppsnefnd sendi Þjóðskrá bréf sem stuðning við brottflutta íbúa Árneshrepps sem nú óska eftir að flytja aftur lögheimili sín inn í Árneshrepp. Þessi tillaga tekur til Óskars Kristinssonar, Fríðu Ingimarsdóttur, Láru Valgerðar Ingólfisdóttur, Jóns Leifs Óskarssonar og Birkis Jónssonar.

Eva Sigurbjörnsdóttir, Bjarnheiður Fossdal og Guðlaugur Ágústsson voru á móti, Hrefna Þorvaldsdóttir og Ingólfur Benediktsson voru með.

Einnig kom upp nafn Róshildar Örnú Ólafsdóttur sem óskar að flytja í foreldrahús og ákváðu 4 hreppsnefndarmenn að styðja það mál, Guðlaugur Ágústsson var á móti í ljósi þess að hann styður allar ákvarðanir Þjóðskrár í þessu máli.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 21:10